




Staffanlegir stólar
á frábæru verði
Aðeins kr. 5.700,- stk

Skrifborðsstólar
í miklu úrvali
Verð kr. 8.500,-



ÓRÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X Fimmtudagur 8. ágúst 2002 • 32. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Með saltbragð í munni og ár í hönd



– sjá viðtal í miðopnu við kajakraðarann Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson sem unnið hefur öll kajakmót sem haldin hafa verið á árinu

Sveinn Rögnvaldsson er skattakóngur Vestfjarða

Hæstu gjaldendurnir fást við fiskveiðar eða lækningar

Hæstu opinber gjöld samtals af einstaklingum á Vestfjörðum ber Sveinn Rögnvaldsson á Patreksfirði, kr. 12,6 milljónir. Næstur kemur Guðmundur R. Guðmundsson á Drangnesi með kr. 7,6 milljónir og þriðji Þórhallur Arason á Þingeyri með kr. 6,9 milljónir.

Í fjórða sæti er Þorsteinn Jóhannesson á Ísafirði en síðan koma Ásgeir Guð-

bjartsson á Ísafirði, Jón B.G. Jónsson á Patreksfirði, Leif Halldórsson á Patreksfirði, Sigurjón Guðmundsson á Ísafirði, Ómar G. Ellertsson á Ísafirði og Guðni Á. Sigurðsson á Ísafirði. Eins og endranær eru hér áberandi menn sem hafa haft útgærd og fiskveiðar og lækningastörf með höndum.

Ef litið er á tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt og sérstakan tekjuskatt er röð tíu efstu

þessi: Sveinn Rögnvaldsson, Ásgeir Guðbjartsson, Þorsteinn Jóhannesson, Guðmundur R. Guðmundsson, Þórhallur Arason, Jón B.G. Jónsson, Jakob Valgeir Flosason, Bolungarvík, Guðni Á. Sigurðsson, Kristján Haraldsson, Ísafirði, og Einar Valur Kristjánsson, Ísafirði.

Sjá einnig fréttir af skattamálum á baksíðu og inni í blaðinu.

Nýr skattstjóri Vestfjarðaumdæmis

Guðrún Björg Bragadóttir skipuð til 5 ára

Fjármálaráðherra hefur skipað Guðrúnu B. Bragadóttur, viðskiptafræðing, í stöðu skattstjóra Vestfjarðaumdæmis. Sjö umsóknir bárust um embættið sem auglýst var laust til umsóknar 20. júní en umsóknarfrestur rann út þann 14. júlí. Guðrún Björg er skipuð skattstjóri Vestfjarðaumdæmis til fimm ára og hefur störf 15. september.

Að loknu námi við Háskóla Íslands árið 1995 starfaði Guðrún Björg hjá embætti Ríkisskattstjóra fram til 1997.

Frá þeim tíma hefur Guðrún verið við nám og störf á sviði skattamála í Danmörku, m.a. sem skattendurskoðandi við skatteftirlit og skattransóknir hjá dönskum skattfyrirvöldum í tæp fjögur ár.

Einn umsækjenda, Ólafur Páll Gunnarsson, dró umsókn sína til baka að loknum umsóknarfresti. Aðrir umsækjendur voru Álfheiður D. Gunnarsdóttir, Björn Jóhannesson, Pétur Björnsson, Valdimar Tómasson og Þórir Jóhannesson.

SAMKAUP!
Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!
Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Meðaltekjur um 167 þúsund

Heildartekjur einstaklinga í Ísafjarðarbæ voru á síðasta ári samkvæmt álagningargrundvelli rétt líðlega sex milljarðar króna (kr. 6.033.931.858). Framtjendur voru 3.013 og voru meðaltekjur þeirra því um 166.900 krónur á mánuði.

Álagt tekjuútsvar á þessa framtjendur var krónur 766.309.352 eða um kr. 254.300 að meðaltali á mann á síðasta ári.



Hrafseyri Sumarskák-mót á helginni

Haldið verður sumarskák-mót á Hrafseyri við Arnarfjörð á sunnudaginn, 11. ágúst, á vegum Hrafseyrarnefndar og Vestfirskra forlagsins.

Slíkt mót, kennt við Jón Sigurðsson, var haldið í fyrsta sinn í fyrrasumar. Teflt verður eftir Monradkerfi. Öllum er heimil þátttaka, ungum sem öldnum, konum sem körlum. Verðlaun verða veitt þremur efstu mönnum. Teflt verður á útipallinum við Burstabæ Jóns Sigurðssonar ef veður leyfir.

Þátttakendur þurfa að hafa með sér töfl og skáklukkur. Þátttökutilkynningar berist til Sigurðar G. Daníelssonar í síma 456 8337 eftir kl. 20 á kvöldin og veitir hann einnig nánari upplýsingar.

Þór Sveinsson vann sex gull í sundi og eitt í fótbolta

Fulltrúar Héraðssambands Vestfirðinga á unglíngalandsmóti Ungmennafélags Íslands, sem fram fór í Stykkishólmi um helgina, sneru þaðan klyfaðir verðlaunapeningum og bikurum. Voru ungmennin sér og byggðarlögum sínum á allan hátt til sóma og hlutu auk þess verðlaunaseti í fjórum íþróttagreinum af þeim sex sem HSV átti keppendur í. Knattspyrnulið 15-16 ára drengja gerði sér lítið fyrir og sigraði í knattspyrnukeppni mótsins í sínum aldursflokk. Jafnöldru þeirra náðu víðlíka árangri og urðu í öðru sæti eftir harða baráttu. Athygli vekur að einn drengja-anna úr knattspyrnuliðinu, Þór Sveinsson, var einnig sigursæll á öðrum vettvangi, þar sem ásamt því að spila til sigurs með knattspyrnuliðinu vann hann til sex gullverðlauna í sundi.

Vestfirskt sundfólk sýndi annars góða frammistöðu á móttinu líkt og á öðrum mótum

þar sem það hefur keppt undanfarið. Hin 14 ára gamla Kristjana Pálsdóttir vann til þrenna silfurverðlauna og einna bronsverðlauna, Hannibal Hafberg, 11 ára, fékk fjögur gull, eitt silfur og eitt brons, Gísli Kristjánsson, 14 ára, fékk eitt gull, þrjú silfur og eitt brons og Páll Janus Þórðarson, 15 ára, hlaut gull-, silfur- og bronsverðlaun.

Golfarar innan vébanda HSV þóttu standa sig með ágætum í Stykkishólmi. Bestur var árangur Sigurðar Grétarsflokki. Jafnöldru þeirra náðu víðlíka árangri og urðu í öðru sæti eftir harða baráttu. Athygli vekur að einn drengja-anna úr knattspyrnuliðinu, Þór Sveinsson, var einnig sigursæll á öðrum vettvangi, þar sem ásamt því að spila til sigurs með knattspyrnuliðinu vann hann til sex gullverðlauna í sundi.

Golfvöllurinn í Tungudal

Tvö mót um helgina

Tvö golfmót verða á Tungudalsvelli við Ísafjörð um helgina. Á laugardag verður opið sumarmót Bylgjunnar, Texas Scramble, og til mikils að vinna.

Fyrstu verðlaun eru ferð til Portúgals með Terra Nova Sól en önnur verðlaun eru Play Station 2 leikjatölva. Glæsilegur Hyundai Terracan er í boði fyrir holi í höggi. Einnig eru ferðagrill frá CharBroil, áskriftir að Stöð 2 og margt fleira. Niðri í miðbæ verður

svo skemmtun á sviði þar sem fram koma Írafar, Venni töframaður, trúðar o.fl. Sprell-leiktæki fyrir börnin og Bylgjan í beinni útsendingu.

Hægt er að skrá sig í mótið í golf.is eða í golfskálanum í síma 456 5081 og með tölvu-pósti á gi@snerpa.is. Á sunnudaginn verður svo Íslandssögumótið á Tungudalsvelli og hefst kl. 10. Leiknar verða 18 holur með og án forgjafar. Skráning í Golfskálanum í Tungudal.



Knattspyrnulið 15-16 ára drengja frá HSV gerði sér lítið fyrir og sigraði í knattspyrnukeppni mótsins. Sundkappinn Þór Sveinsson (sem fékk líka sex gull í sundi) er fyrir miðju á myndinni. Ljósmynd: Guðbjartur Ásgeirsson.

Tölvuþjónustan Snerpa

Þráðlaust internet-samband við Flateyri

Fyrir helgina var gengið frá uppsetningu á fastlínu-sambandi Snerpu til Flateyri, sem er fimmti staðurinn utan Ísafjarðar þar sem Snerpa setur upp hnútpunkt. Fyrir voru slíkar tengingar í Bolungarvík, á Suðureyri, í Súðavík og á Hólmavík en næst kemur röðin að Súðavík og Þingeyri. Nú þegar hefur fyrsti viðskiptavinurinn á Flateyri verið tengdur

við hnútpunktinn en síðar í mánuðinum verður settur upp örbylgjubúnaður fyrir þráðlaust internet sem þjóna mun íbúum Flateyri með sitengt internet.

Að sögn Snerpumanna er þráðlaust net Snerpu fyllilega sambærilegur kostur við ADSL. Mánaðargjald er svipað en stofnkostnaður getur orðið hærri þar sem notendur þurfa í sumum tilfellum að

koma fyrir loftnetsgreiðu á húspaki fyrir móttöku.

Töluverð fjárfesting fylgir hverjum hnútpunkti og er það ástæða þess að uppbygging á þessu sviði hefur ekki verið mjög hröð. Snerpumenn reikna með því að í haust eða vetur fái Súðavíkingar aðgang að örbylgjusamböndum. Sömu leiðis er á döfinni að koma upp hnútpunkti á Þingeyri.

Kynslóðaskipti

Það er mikið í húfi þessa dagana hjá kaupahéðnum. Heilsíðu auglýsingar í dagblöðunum, dag eftir dag, í kapphlaupinu um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Svo langt ganga átökin um drottunina yfir „peningunum sem enginn á“, að mikils-metnir menn innan forustuflokks ríkisstjórnarinnar eru teknir að spyrja hvort það sé virkilega stefna flokksins að láta annan ríkisbankann hrifsa SPRON til sín, meðan hinn húki álengdar og bíði átektu, hver verði endan-leg örlög bráðarinnar. En sá hinn sami er reyndar farinn að gylla öryggið, sem fólgið sé í hinum stóra og væntumþykjandi fadmi sínum, fyrir öðrum sparisjóðum. Eitt er víst: Það yrði mikið áfall fyrir landsbyggðina að missa sparisjóðina.

„Þingmenn hljóta að virða vilja almennings þó hávær minnihluti sé á móti. Annars þarf bara nýja kynslóð á Alþingi til að þetta nái fram að ganga. Líkurnar á að frumvarp mitt verði samþykkt hljóta að aukast með hverjum nýjum kosningum.“ segir Vilhjálmur Egilsson, alþingismaður, sem hyggst flytja frumvarp sitt um heimild til sölu bjórs og léttvins í matvöruverslunum, í þriðja sinn á komandi þingi.

Hvað sem segja má um hugsjón alþingismannsins er sérstök ástæða til að staldra við þau orð hans, að „þingmenn (hljóti) að virða vilja almennings.“ Yfirlýsingar þingmanna í þessa átt liggja ekki á glámbekk. Þvert á móti. Nefna má kvótamálið,

þar sem Alþingi hefur hvað eftir annað fótum troðið vilja meirihluta þjóðarinnar. Enginn þingmanna hefur orðað það svo, að til að aflétta gjafakvótanum og hefja leiðréttingu á mestu eignatilfærslu og arðráni Íslandssögunnar þurfi „bara (nýja) kynslóð á Alþingi.“ Ábending alþingismannsins, um að skipta um þingmenn, er einkar athyglisverð, og sérlega vel tímasett orðsending til kjósenda, þar sem kosningar eru á næsta leyti.

Séra Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og fyrrv. alþingismaður, lét að sér kveða í stólræðu, fyrir skömmu, svo eftir hefur verið tekið: Þar komst hann m.a. svo að orði: „Utan frá séð eru hin göfugu markmið ekki mjög áberandi í stjórn-un og ráðstjórn peningamanna á þessu sumri. Þeirra sem fara með stóra hluti fjár-magns í okkar landi.“ Og hann bætti við: „Hver er fyrst og fremst að hugsa um almannahagsmunum? Hvar er vitundin um að öll séum við á sama báti, hvar er samvitundin – öðru nafni samviskan?“ Undir lok hinnar athyglisverðu stólræðu sagði séra Hjálmar: „Markmiðið má aldrei verða það eitt að ná til sín sem mestu, til að sýnast stór kall og dugandi í baráttunni um brauðið og bankana – matvælamarkaðinn og peningamarkaðinn.“ Ef til vill er ekki vanþörf nýrrar kynslóðar á fleiri sviðum en innan veggja Alþingis!

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs-aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Neffang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, neffang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Blaðamenn: Haukur Magnússon, sími 695 8158, neffang: haukur@bb.is, Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, neffang: blm@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, neffang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti



Við brottför frá Ísafirði til Hrafnfjarðar með minnisvarðana á miðvikudagsmorgun. Frá vinstri: Konráð Eggertsson, Magnús Tómasson myndlistarmaður, Hjörtur Þórarinnsson og Einar Guðnason.

Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum

Fjalla-Eyvindi og Höllu settir minnisvarðar

Minnisvörðum um útilegu-fólkið Fjalla-Eyvind og Höllu var í gær komið upp á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum, þar sem þau bjuggu saman um nokkurt árabíl. Hugmyndina að framtakinu mun Konráð Eggertsson á Ísafirði eiga og hefur þessi hugmynd verið á döfinni í nokkur ár. Steinarnir sem komið var upp eru tveir, sinn fyrir hvort þeirra Eyvindar og Höllu, en Magnús Tómasson myndlistarmaður fór höndum og verkfærum um steinana. Þeir Konráð og Einar Guðnason á Suðureyri völdu stein Höllu í Súgandafirði, þar

sem hún er talin upprunnin, en steinn Eyvindar er af heimaslóðum hans í Hlíð í Hrunamannahreppi.

Á Hrafnfjarðareyri bjó á sínum tíma ung ekkja, Halla Jónsdóttir, og til hennar kom á flóttu sínum undan réttvísi þeirra tíma útilegumaðurinn, friðsemdarmaðurinn og hagleiksmaðurinn frægi, Fjalla-Eyvindur Jónsson. Um 1760 lögðust þau Eyvindur og Halla út og bjuggu allvíða á miðhálandi Íslands næstu 15 til 20 árin, eins og örnefni og frásagnir eru til vitnis um. Síðan sneru þau aftur heim til Hrafn-

fjarðar og bjuggu þar frjálst fólk og þar andaðist Eyvindur árið 1782, nær sjötugur.

Á leiði Eyvindar á Hrafnfjarðareyri er hvítmálað krossmark úr tré en einnig legsteinn allgamall með áletruninni Hér liggur Félla Eivindur Jónsson. Tóftir og rústir eru margar og dreifðar á Hrafnfjarðareyri, bæði af bæjarhúsum og peningshúsum, og eru þar nú ríkulega vaxnar hvönn. Bæjarlækurinn er á sínum stað en á sínum tíma var innangengt í hann eftir að Eyvindur byggði yfir hann af hugviti sínu og hagleik.

Menningarhátíðin Listasumar í Súðavík

Brotfluttir Súðvíkingar hópast á heimaslóðir

Árlegt Listasumar í Súðavík hófst í gær og fór vel af stað, að sögn Pálinu Vagnsdóttur, framkvæmdastjóra hátíðarinnar í ár, og brottfluttir Súð-

víkingar hópast í heimahagana. Fánar blakta við hún í Súðavík til að minna á að Listasumar í Súðavík er komið til að vera ár hvert aðra

helgina í ágúst. Pálinu vill hvetja alla sem áhuga hafa til að kynna sér vel alla dagskrárliði en dagskrána má jafnframt finna á vefnum sudavik.is og undir auglýsingaborða á forsíðu bb.is.

Líka vill hún minna á að nauðsynlegt er að bóka sig sem allra fyrst á ýmsa af viðburðum hátíðarinnar, þar sem búast má við að þétt verði setinn bekkurinn, svo og í fjölskylduferðina í Fofafót vegna skipulagningar á bátsferð og rútu. Bíó er bara einu sinni á ári í Súðavík og þá er alltaf troðfullt hús. Nú er það dans- og söngvamyndin Regína sem sýnd verður.

Nefna má að í fyrra var troðfullt á jassónleikana á föstudagskvöldinu og í ár er ekki spurning að það sama verður upp á teningnum að þessu sinni. Allar nánari upplýsingar gefur Pálinu í síma 898 6489.



Rafmagnspíanó

Til sölu er fjögurra ára gamalt rafmagnspíanó. Upplýsingar í síma 456 4051 eftir kl. 17:00.

Helgartilboð

9. - 11. ágúst

Þriggja rétta máltíð!

Forréttur:
Pönnusteiktar rækjur með hrísgrjónum

Aðalréttur:
Grillaður humar með hvítlauk-smjöri

Eftirréttur:
Berjablanda með Baileys rjóma og heitri súkkulaðisósu
Kaffi eða te

Verð aðeins kr.

4.450.-



Borðapantanir í síma 456 2011
Verið velkomin!

Hótel, **FLÓKALUNDUR**

Vatnsfirði · Sími 456 2011 · Fax 456 2053

Útsöluok!

25% aukaafsláttur

af útsöluvörum

á fimmtudag,

föstudag og laugardag



Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070



Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464



„Ljúfa Anna ...“ sungu skógarbúar af krafti og minntust Önnu heitinnar Hermansdóttur á viðeigandi máta, en hún lét sig sjaldnast vanta á skógarbrennu.

Skógarbúar í Tungudal og brennan þeirra

Sungið og trallað fram eftir nóttu

Fjöldi Skógarbúa og gesta þeirra lagði leið sína á skógarbrennuna árlegu í Tunguskógi á Ísafirði, en hún var kveikt kl. 21 á laugardagskvöld og brann fram eftir nóttu. Fyrr um daginn hafði yngsta kyn-

slóð skógarunnenda keppt sín í milli í skemmtilegum ratleik. Grillpinnar voru víðast mundaðir á matmálstímum ásamt tilheyrandi öldósum og voru því flestir vel mettir af ýmis- konar krásum þegar vel

tók að loga. Veður var ágætt og skógarbúar léttr í lund og með söng í hjarta. Mun almennt álitíð að sjaldan hafi tekist eins vel til með brennuna og í ár og var mikið sungið. Fleiri myndir birtast á bb.is



Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra og Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður létu sig ekki vanta á brennuna.



Það gerðu heldur ekki þeir Gísli Halldórsson, Gylfi P. Gíslason, Magnús Hauksson og Sigurður Mar Óskarsson.



Gamanið entist fram eftir nóttu í sumar- bústaðnum Svalbarði. Fyrir miðri mynd er ný- ráðinn yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar, Guðmundur M. Kristjánsson.



Alda, systurnar Katrín og Lára ásamt Birni Helgasyni. Þessi fjögur láta sig aldrei vanta á brennuna í Tunguskógi enda eiga þau margar góðar minningar frá staðnum.



Nokkur hundruð manns voru samankomin við brennuna í Tunguskógi á laugardagskvöld.

Rúlluplast

hagstæðasta verðið á landinu!

Triowrap rúlluplastið hefur sannað ágæti sitt á undanförmum árum hjá bændum um allt land

Hafið samband við sötumenn okkar Jón Þór og Lárus Pál sími: 430 5620

Triowrap 50 cm rúlla

kr. 4.350.-

án vsk.

Triowrap 75 cm rúlla

kr. 5.369.-

án vsk.

3% magnafsláttur

- Fóbunvör
- Spónabættar
- Hreinlæsisvörur fyrir mjólkurhús o.fl.
- Áburur
- Sábuvör
- Rúlluplast og bindigarn
- AB-mjól
- Samset

BÚREKSTRARDEILD

Engiló 2 • 310 Borgarnesi
Afgreiðsla sími 430 5620 • Fax 430 5621

Sótti um sveitarstjórnarstarf í Súðavík en var ráðinn á Stöðvarfirði

Einar Garðar Hjaltason, sem lengi var búsettur á Ísafirði, hefur verið ráðinn sveitarstjórnaðarmálum þegar hann var bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar fyrir um áratug. Þá var mikill átakatími í bæjarmálum Ísafirðinga, ólíkt því sem verið hefur síðustu árin. Einar Garðar sótti nýlega um starf sveitarstjóra Súðavíkurhrepps en var ekki ráðinn. Honum kom því nokkuð á óvart þegar ráðningastofa hafði samband við hann vegna starfs sveitarstjóra á Stöðvarfirði. „Ég sótti um í Súðavík en lenti á Stöðvarfirði. Þetta er dæmigert fyrir mig. Oftast fer allt á annan veg hjá mér en ég ætlaði í upphafi. Niðurstaðan er þó

eins ánægjuleg fyrir því“, segir Einar Garðar, „og satt best að segja óska ég Ómari nýráðnum sveitarstjóra í Súðavík gæfu og velfarnaðar.“ Einar Garðar segist hafa sóst eftir sveitarstjórnastöðu Súðavíkurhrepps vegna þess að hann hafi verið farið að langa til þess að breyta um umhverfi og atvinnu, en hann hefur verið búsettur á Akureyri um nokkurra ára skeið. „Mig langaði í sveitina að fá mér ábrystir og lunda úr Vigur. Þegar ég flutti norður var ég að hasla mér völl í innflutningi á hráefni til rækjuvinnslu og þorski til fiskvinnslu og því starfi var betur sinnt frá Akureyri. Nú er hins vegar umhverfið að breytast í rækjubransanum og ekki mikið pláss fyrir smáfugla eins og mig þar og því heillaði sveitarstjórnarstarfið. Mig var farið að langa vestur



Einar Garðar Hjaltason.

og því fór svo að ég sótti um í Súðavík“, segir Einar Garðar og bætir því við að hann skilji sáttur við rækjubransann. „Það er skylda hvers Ísafirðings að eyða einhverjum tíma í rækjunni og það er af hinu góða ef maður kemst óskaddaður gegnum það. Rækjan hefur farið illa með margan góðan drenginn.“

Það er Einari Garðari til-

hlökkunarefni að takast á við nýtt starf á Stöðvarfirði. „Þetta er ógrandi verkefni sem verður gaman að spreyta sig á. Ég hef heimsótt Stöðvarfjörð í nokkur skipti og sé ekki betur að þetta sé vænsti bær sem jafnast fyllilega á við samberileg þorp á Vestfjörðum.“

Aðspurður hvernig honum líki að vera kominn aftur í pólitík eftir langt hlé segist Einar vissulega til í þann slag.

„Það hafa verið að hringja í mig menn og ýmist óska mér til hamingju eða votta mér samúð sína að vera kominn aftur í pólitíkina. Ég fann ekki fyrir neinum fráhrarfseinkennum þegar ég hætti í pólitíkinni á sínum tíma. Hins vegar kenndi ég rómantíkur þegar tekið var að auglýsa sveitarstjórnastöðurnar í sumar og mig langaði að vinna svona vinnu. Starfið er fjölbreytilegra en það var á sínum tíma

í kjölfar þess að grunnskólarnir eru komnir inn líka.“

Einar Garðar segir að á vinnutengdum ferðalögum um allan heim hafi hann gert sér grein fyrir því hversu framfarlega Íslendingar standa í sveitarstjórnarmálum. „Til dæmis hef ég bara á þessu ári verið í Afríku í tvo mánuði og heimsótt Austur-Evrópu og séð nokkuð glögg hvað menn eiga þar langt í land með ýmis mál er varða sveitarstjórnir. Kerfi sveitarstjórna hér á landi er fastmótað og byggt á mjög traustum grunni en jafnframt er stjórnkerfið opið og lýðræðislegt. Hrifning mín á íslenskum sveitarstjórnarmálum jókst eftir því sem ég ferðaðist víðar og ég varð stoltur af því hvernig við rekum þetta hér.“

Einar Garðar byrjar störf í þessari viku. Hann segir sitt fyrsta verk þar verða að dusta rykið af reiðhjólunni sínu.

Einn starfsmaður eftir hjá VoiceEra og sá er launalaus

Starfsfólkið hefur ekki enn fengið launin

Fyrirverandi starfsmenn hátæknifyrirtækisins VoiceEra í Bolungarvík hafa enn ekki fengið greidd laun fyrir maímánuð. Öllu starfsfólki VoiceEra var sem kunnugt er sagt upp frá og með mánaðamótum júní-júlí. Í viðtali er bb.is átti á þeim tíma við Cameron Porter, stjórnarformann VoiceEra, sagði hann að stefnt væri að því að starfsfólkið fengi greitt innan 30 daga og að verið væri að selja eignir í eigu fyrirtækisins til þess að fjármagna launagreiðslurnar. Porter sagði þá m.a. að „peningurinn sem við greiðum starfsfólkinu er sá eini sem mun fara úr rekstrinum á næstunni“ og tók fram að markmið fyrirtækisins væru enn þau sömu og í upphafi: Að byggja upp öflugt hátæknifyrirtæki í Bolungarvík.

Þegar blaðið náði tali af Porter í síðustu viku var hann að leggja síðustu hönd á flutning VoiceEra úr starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík í minna húsnæði þar í borg. „Við erum

að minnka við okkur enda minni peningur í rekstrinum nú en áður. Sem stendur er ég eini starfsmaður VoiceEra og vinn launalaust í þokkabót en Hallur Hallsson er enn í Kanada ásamt fjölskyldu sinni. Við höfum aflað okkur forritara hér í Reykjavík sem eru

reiðubúnir að vinna fyrir hlut í fyrirtækinu og búumst því við að forritunarvinna geti hafist að nýju fljótlega eftir verslunarmannahelgina“, sagði Porter.

Aðspurður hvenær fyrrum starfsfólk VoiceEra geti vænt launagreiðslna fyrir vinnu

sína í maímánuði segir Porter að hann geti ekki sagt til um það að svo komnu máli. „Ég vona þó að það verði fyrr en seinna og helst í þessum mánuði. Það veltur allt á því hvernig okkur gengur að selja eigur fyrirtækisins. Við þurfum að greiða skatta og lífeyrisgjöld

nýlega sem voru meira aðkallandi en launagreiðslurnar og því urðu þær að sitja á hakanum í bili. Það var leiðinlegt að fresta launagreiðslunum en nauðsynlegt svo að VoiceEra fengi starfað áfram“, sagði Cameron Porter, stjórnarformaður VoiceEra.



Veggirnir við olútankana á hafnarvæðinu á Ísafirði hafa aldrei þótt sérstök bæjarprýði en nú hefur orðið þar breyting á. Vinnuskólakrakkarnir í Deild 21 tóku sér fyrir hendur að hreinsa veggina og skrapa og síðan voru þeir skreyttir litríkum og skemmilegum myndum. Bandaríska listakonan Holly Hughes hafði umsjón með verkinu. Meðal myndefna eru víkingaskip og nautið, sem er ein af landvættunum fjórum og verndari Vestfjarða. Olúfélagið Skeljungur lagði til málninguna í þetta verkefni.

Eigendur íbúðarhúss á Flateyri rita bæjaryfirvöldum bréf

Segja bæinn hafa eyðilaggt fasteignaverð

Bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ barst fyrir nokkru bréf frá eigendum húss á Flateyri, búsettum í Noregi, þar sem þess var krafist að sveitarfélagið keypti húsið á helming brunabótamats eða rétt tæpar átta milljónir króna. Bréfið var

lagt fram á fundi bæjarráðs sem hafnaði erindinu. Í bréfinu er Ísafjarðarbær ásaðaður um að hafa eyðilaggt fasteignaverð á Flateyri með því að leigja út sumarbústaði allt árið um kring og selja hús á snjóflóðahættusvæði á lágu verði.

Íbréfinu segir meðal annars um útleigu bæjarins á sumarbústöðum: „Þessi útleiga ykkar hefur eyðilaggt samkeppnisstöðu okkar um útleigu á okkar húsi. Fólk hefur frekar leigt ódyrt sumarhús en eitt raðhús, þannig að við

höfum þurft að leigja það undir kostnaðarverði í 4 og ½ ár. Við viljum líka benda á að húsin sem Ofanflóðasjóður keypti, hefur Ísafjarðarbær verið að selja langt undir söliverðmæti húsanna, þannig að það vill enginn kaupa á edli-

legu verði.“

Í niðurlagi bréfsins segir: „Við gefum ykkur þrjár vikur frá dagsetningu þessa bréfs [19.7.2002] til að svara þessu, ef við fáum ekki svar innan þess tíma, verður málið sent í félagsmálaráðuneytið.“

smáar

Hlíðarvegspúkar! Nú er komið að því! Híð árlega Hlíðarvegspúkapartý verður haldið laugardaginn 10. ágúst kl. 17. Gleymið ekki góðgætinu á grillið og góða skapinu. Verð kr. 1.000 fyrir fullorðna. Hlíðarvegspúkar og nágrannar eru velkomnir. Sjáumst hress og kát! Nefndin.

Til sölu er lítill uppþvottavél til að hafa ofan á bekk, eins árs gömul. Uppl. í síma 456 5789.

Óska eftir að kaupa Nintendo eða Sega leikjatölvu með leikjum. Uppl. í síma 840 4010.

Ibúar á Urðavegi! Munið götugrillið á laugardaginn. Mætum hress kl. 17 með borð og stóla og mat á grillið. Leikir, skemmtun, tónlist, flugeldasýning og fleira. Nefndin (Ingi Þór).

Vegna ofnæmis á heimilinu verðum við að gefa hundinn okkar og við vonum að einhver geti tekið hann að sér. Hann er hlíðinn og auðvitað heimilisvanur. Hann er að skríða í niunda mánuðinn í aldri og er blend-ingur af Border Colly + íslenskur. Uppl. í sínum 865 1587, 849 0120 og 846 2710.

Hjartagangan 2002 á Ísafirði fer fram laugardaginn 10. ágúst kl. 14. Gengið verður frá sjúkrahúsinu. Stjórnin.

Hjartagangan 2002 í Bolungarvík fer fram laugardaginn 10. ágúst kl. 14. Gengið verður frá sundlauginni. Stjórnin.

Óska eftir 2ja herb. íbúð til leigu, helst á eyrinni. Uppl. í síma 690 2250.

Til sölu eða leigu er íbúð að Austurvegi 12. Upplýsingar í síma 456 4181.

Óska eftir slöngubát og 4-10 hestafla utanborðsmótor fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 869 4845.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Urðarvegi 49, kjallara. Uppl. í síma 456 3547 og 895 0339.

Til sölu er Zetor traktor, 4x4, árg. 1999 með ámoksturtaekjum ásamt flatvagni. Uppl. í s. 892 3652 og 456 7358.

Vantar tvær notaðar útihurðir með karmi. Uppl. í síma 892 3652 og 456 7358.

Til sölu er 24m² sumarbústaður í Dagverðardal, utan snjóflóðahættusvæðis. Húsgögn fylgja. Verð kr. 500 þús. Upplýsingar í síma 456 3663 eftir kl. 19.

Sjóngleraugu töpuðust á brenninni í Tunguskógi. Finnandi vinsaml. hringi í s. 899 0743.

Vantar sérbylí á Ísafirði á leigu í gamla bænum. Upplýsingar í síma 849 0113.

Suðureyri

Sæmilegur afli hjá bátum í júlímánuði

Sæmilega fiskaðist í júlí hjá bátum sem gera út frá Suðureyri. Að vísu voru gæftir frekar lélegar en vel veiddist þegar gaf á sjó. Alls komu á land rúm 570 tonn í júlí en í júní komu 775 tonn á land, enda var veður með eindæmum gott snemma sumars.

Handfærabátar skiluðu um 460 tonn um á land í júlí og var Unnur þeirra hæst með rúm 28 tonn í 10 löndunum. Línubátar skiluðu 110 tonn og var Hrönn langaflahæsti báturinn með rúm 62 tonn.



**Guðmundur Níelsson,
málarameistari og Stónsari**

Plöturnar sem breyttu lífi mínu...!

Ferðamálafultrúinn Rúnar Óli Karlsson reið á vaðið fyrir nokkru síðan og deildi með lesendum Bæjarins besta hvaða tíu hljómplötur hafa haft hvað mest áhrif á líf hans. Rúnar skoraði á Stónsaran Guðmund Níelsson að verða næstur til og þegar BB hafði samband við hann var hann strax uppnúinn af hugmyndinni, enda annálaður tónlistaráhugamaður frá barnæsku. Við tók umhugsunartímabil, þar sem Guðmundur fór kerfisbundið í gegnum plötu-

safnið og sigtaði út þær tíu plötur sem eru honum af einhverjum ástæðum mikilvægastar. Rúnar Óli sagði í áskorun sinni að hann veldi Guðmund til verksins með þeim skilyrðum að hann takmarkaði val sitt ekki einvörðungu við Rolling Stones plötur, sem hann og gerði. Því tilheyrir aðeins helmingur hinna áhrifamiklu platna ensku rokkhundu- unum, en valið hefur án efa verið erfitt fyrir tónlistarspekúlantinn Guðmund. Við gefum honum orðið: „Í mínum huga hafa hljómsveitir eða plötur einstakra

hljómsveita ekki skipt sköpum í mínu lífi, en engu að síður á ég nokkrar plötur sem ég datt niður á sem unglingur sem mér eru sérstaklega kærar, einkum og sér í lagi plötur tiltekinnar hljómsveitar sem var stofnuð árið 1962 og er því 40 ára á þessu ári. Þessi hljómsveit byrjaði um 1970 að kynna sig á hljómleikum sem „The greatest rock and roll band in the world ladies and gentlemen, The Rolling Stones“. Mér að vitandi hefur enginn gert tilkall til þessa titils enn.“



Neil Young: „Harvest“

„Harvest“ hans Neil Young var fyrsta platan sem ég eignaðist og reyndist hrein himnasending fyrir bandaríska tónlist. Platan var óvenjulega fágúð og náttúruleg mitt í öllu sýruokkinu sem reið húsum á þessum árum. Platan er í þjóðlega stíl, heilsteypt og lögin öll mjög góð.“



The Allman Brothers Band: „Brothers and Sisters“

„Ég datt niður á þessa plötu þegar ég var í þriðja bekk gagnfræðaskóla, á henni er að finna hreint út sagt frábær lög. Þeir spila aðallega blús og mjög svo melódískt suður-ríkjarrökk eins og heyrna má í lögunum „Ramblin’ man“ og „Jessica“. Til gamans má geta þess að píanóleikari sveitarinnar, Chuck Leavell, vinnur mikið fyrir The Rolling Stones.“



Steely Dan: „Can't Buy a Thrill“

„Þráinn pípari sagði einu sinni við mig að ísfríska hljómsveitin Ýr spilaði Steely Dan lögin betur en Steely Dan sjálfir. Hann var mikill aðdáandi Ýrar, en það segir svolítið um tónsmíðar Steely Dan að Ýr var með allt að tíu þeirra í einu á sínu prógrammi á Hnifsdalsböllunum í gamla daga. „Can't buy a thrill“ er alveg stórgóð plata.“



Bruce Springsteen: „Born to Run“

„Þessi plata var algjör bomba þegar hún kom út. Platan inniheldur allt öðruvísi rokk-tónlist en ég átti að venjast þegar ég heyrði hana og öll framsetning á henni er mjög heillandi. Þegar Bruce fékk leyfi CBS útgáfufélagsins til þess að gera þessa plötu var hann á síðasta séns hjá þeim, en náði aldeilis að bjarga því enda sló platan í gegn svo um munaði.“



Fleetwood Mac: „Fleetwood Mac“

„Sumarið '76 fékk ég þessa plötu lánaða hjá vini mínum Svanbirni leikfangasala og hef ekki skilað henni enn. Hljómsveitin Fleetwood Mac flytur fínþússað rokk, einfalt og grípandi. Tvær frábærar konur sjá um sönginn á einstakan hátt. Þess má til gamans geta að Bandaríkjaforsetinn fyrrverandi, Bill Clinton, notaði eitt laga sveitarinnar sem þemalag þegar hann tók í fyrsta skipti þátt í kosningarátunni í Bandaríkjunum, það var hið einstaka „Don't stop thinking about tomorrow“.“

Rolling Stones:

„Eins og flestum ætti að vera kunnugt er hljómsveitin Rolling Stones í sérstöku uppáhaldi hjá mér og því er viðeigandi að fleiri en ein plata með þeim rati inn á lista minn yfir áhrifamiklar plötur. Sumarið 1973 kynnti vinur minn einn sem er látinn í dag Rolling Stones fyrir mér, en hann bjó alla sína ævi í Bandaríkjunum og kom hingað í nokkur sumur að mála hjá G.E. Sæm. Stones hafa alltaf verið uppáhaldi mitt, en með aldrinum breytist tónlistarsmekkurinn og hann hefur borið mig inn á fleiri brautir eftir því sem árin hafa liðið. Þó rata þessar gömlu plötur á fóninn, sérstaklega þegar maður er einn heima, með heyrnartól svo maður trufla ekki nágrannana. Stones eru og verða alltaf númer eitt hjá mér.“



„Aftermath“

„Þessi plata er mjög sérstök. Á henni undirstrika Stones að þeir eru ekki einungis góðir í því að flytja lög annarra, heldur geta þeir sjálf-

ir samið lög í hæsta gæðaflokki. Þetta er reyndar fyrsta platan sem þeir semja öll lögin á sjálfir. Þau lög sem eru mér ofarlega í huga og ég hef haft hvað mesta ánægju af á þessari skífu eru t.d. „Paint it Black“ og „Under my Thumb“.“



„Beggars Banquet“

„Eftir að hafa gefið út tvær plötur þar sem Stones, líkt og Bítlarnir og fleiri hljómsveitir á þessum tíma, leituðu nýrra leiða til að búa til músik og upplifa hana í ýmsu ástandi kemur þessi eins og himnasending. Á henni leita þeir aftur í ryðmablúsinn og nú í bland við þjóðlagatónlist og beitta texta. Hljómsveitin er þarna búin að finna sína réttu hillu í músíkinni. Meðal laga mætti nefna „Sympathy for the Devil“ og „Street Fighting Man“.“



„Let it Bleed“

„Ein af mínum uppáhaldsplötum og sú sem kom mér á bragðið með frábærum lögum eins og „Gimme shelter“ og „You can't always get what you want“. Þetta er reyndar fyrsta stóra platan sem gítarleikarinn Mick Taylor spilar á. Þessi plata hefur allt annað sánd en fyrri plötur.“



„Sticky Fingers“

„Hér eru lög eins og Brown Sugar, Wild Horses og Dead Flowers. Þarf nokkuð að segja meira? Minna þekkt lag, Moonlight Mile, er í sérstöku uppáhaldi hjá mér.“

„Ég deildi lengi við Kristín Pétur Njálsson, bflstjóra um ágæti rokkisins í gamla daga og mátti þá vart sjá hvor hafði betur, ég með Rolling Stones eða Kristinn, sem var mikill aðdáandi Jethro Tull. Ég skora því á Kristinn að upplýsa lesendur um hvaða plötur hafa haft mest áhrif á hann.“

Með saltbragð í munni og ár í hönd

Sjósport hefur verið í miklum vexti í Ísafjarðarbæ undanfarin ár og nú er svo komið að vart er hægt að líta yfir Pollinn í Skutulsfirði á fögnum sumardegum án þess að bera augum hópa eldheitra áhugamanna iðka skútusiglingar, sjóskíði eða kajakróður. Ekki láta þó allir sér nægja að halda til sjós þegar lygnt er í veðri og bjart, heldur víla sumir hinna djarfari það ekki fyrir sér að rjúka út á Pollinn með ár í hönd um miðjan febrúarmánuð, svo dæmi sé tekið, þegar vindhraðinn nær tólf stigum og skyggnið takmarkast við einn metra í hvora átt.

Þessir kappar tilheyra sífellt fjölmennari hóp kajakræðara sem vita fátt betra en að finna rokið í andlitinu, saltbragð í munni og að taka á af öllu afli með þrútnum vöðvum til þess að ná að róa síðustu metrana í land. Þeir róa flestir alla daga og löngun þeirra til róðursins tvíeflist oft þegar illt er í veðri „því þá er allt tvöfalt erfiðara og þ.a.l. tvöfalt skemmtilegra“, eins og hinn nítján ára gamli Bolvínkingur Sveinbjörn Hrafn Kristjánsson komst að orði, en Bæjarins besta tók hann nýlega tali yfir kaffisopa í Gamla Apótekinu á Ísafirði.

Skipti golfkylfunni út fyrir ár og vesti

Sveinbjörn er nítján ára gamall og útskrifaður af trésmíðabraut Menntaskólans á Ísafirði, en vinnur um þessar mundir hjá trésmíðju Ágúst og Flosa. Hann stundaði golfíþróttina grimmt um tíu ára skeið, „þá vaknaði ég á morgnana, þaut út á völl og kom ekki heim aftur fyrir en kominn var háttatími“, en lagði hana algjörlega á hilluna þegar hann komst fyrst í kynni við kajakbakteríuna og hefur síðan þá ekki skokkað milli teiga og potað í holu.

Á því eina og hálfu ári sem liðið er síðan Sveinbjörn tók sér fyrst ár í hönd hefur hann afrekað ýmislegt og unnið fjölda íslenskra kajakmóta, nú síðast mót sem haldið var í tengslum við hátíðina Siglingadagur 2002. Sætasti sigur Sveinbjörns var þó hugsanlega þegar hann sigraði þjálfara sinn og læriföður á móti nýverið.

„Ég hef hlotið sigur í öllum þeim mótum sem ég hef tekið þátt í og er stoltur af. Á síðasta ári vann ég Siglingadagamótíð og Hvammsvíkurmarathoníð, en þá er róin 42 kílómetra leið sem liggur frá Geldinganesi og til Hvammsvíkur í



Hvalfirði. Það tók mig um fimm og hálfu klukkustund að róa maraþonið þá, en ég stefni á titilvörn í ár og hyggst þá að sjálfsögðu bæta tímann. Á þessu ári hef ég svo haft sigur í tveimur mótum, ég vann Bessastaðabikarinn og fyrir stuttu sigraði ég Siglingadagamótíð hér á Ísafirði,“ segir Sveinbjörn stoltur, en lítillátur að síð sannra íþróttamanna.

Sleppir ekki úr degi

– Þetta er talsvert góður árangur miðað við að þú hefur aðeins lagt stund á íþróttina í rúmt ár. Hverju þakkarðu hann?

„Fyrst og fremst þjálfara mínum, en mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að róa tók Halldór Sveinbjörnsson kajakfrömuður mig upp á arma sína og hefur veitt mér ómetanlegan stuðning síðan. Ég efa að ég hefði lagt jafn mikla elju í íþróttina hefði hvatningar hans ekki notið við. Ég æfi daglega undir tilsoðn hans og ræ þá yfirleitt eitthvað um tvo tíma í senn, en allar þessar æfingar hljóta náttúrlega að skila einhverju. Fjölskyldan hefur líka verið dugleg að styðja við bakið á mér og hvetja mig áfram.

Fyrst og fremst hef ég svo mikið gaman af þessu, ætli það ráði ekki mestu um að ég læt ekki dag líða án þess að róa eitthvað,“ segir Sveinbjörn og telur upp helstu hátíðisdaga Íslendinga: Aðfangadag, nýársdag, páskadag og 17. júní, til þess að leggja áherslu á hve æfingarnar eru honum hugleiknar. „Ég hef tekið eftir því að ánægja mín af íþróttinni vex í réttu hlutfalli við getu mína í henni, þetta verður skemmtilegra eftir því sem ég verð betri.“

Hafði lengi langað til að reyna kajakinn

Sveinbjörn segir tilviljun líkast hvernig hann eignaðist sinn fyrsta kajak og tók að stunda íþróttina. „Mig hafði lengi langað til þess að eignast kajak og reyna, en gerði aldrei neitt sérstakt í því. Einhvern tímann minntist ég svo á það við vin minn að gaman væri að eiga slíkan grip og veit ekki fyrr en hann hringir í mig nokkrum dögum síðar og segir mér að hann hafi keypt kajaka fyrir okkur og ég geti fengið minn á 100.000 kall. Ég sló til og þá var ekki aftur snúið“

– Byrjaðir þú strax að æfa af jafn miklum krafti og þú gerir nú?

„Ég prófaði mig áfram á kajaknum í nokkurn tíma, en fór mjög fljótlega á námskeið í grunnatriðum kajaksiglinga hjá Halldóri, sem síðar varð þjálfari minn. Hann hvatti mig óspart áfram og ég tók að fara með honum í róðra vítt og breitt á hverjum einasta degi. Ætli ég hafi ekki tekið loka-skrefið í fyrravor, en þá benti Halldór mér á að einn fullkomnasti og hraðskreiðasti keppniskajak landsins væri til sölu á góðu verði. Ég fjárfesti í honum og hef ekki séð eftir því þótt dýr hafi verið, enda hef ég sigrað á fjórum mótum með hans hjálp og stefni á að þau verði fleiri.“

Aðstæður hvergi betri en á Vestfjörðum

– Hvað telur þú að valdi síauknum vinsældum kajakróðurs meðal Ísfirðinga og náganna þeirra?

„Ísafjörður er að mínu mati eitt af höfuðvígjum kajakíþróttarinnar á Íslandi og ég held að það stafi mikið til af því að aðstæður til róðursins eru hvergi betri en akkúrat hér í grennd. Pollurinn er eins og hannaður fyrir kajakróður því stutt er til stranda en engu að síður nægt pláss til þess að athafna sig. Svo er stutt fyrir

okkur að fara í róðra, enda í kallfæri við Strandirnar og Ísafjarðardjúpið, en á mörgum stöðum á landinu þarf fólk kannski að aka einhverja klukkutíma til þess að komast á almennilega staði.

Svo hefur kjarni kajakáhugamanna hér á svæðinu unnið ötullega að uppbyggingu og útbreiðslu íþróttarinnar og sú vinna er nú farin að skila sér margfalt. Ég hef verið að keppa við mér eldri menn á kajakmótunum til þessa, en hef á tilfinningunni að meðalaldur iðkenda sé að færast niður á við. Enda er það ekki bara hér á Vestfjörðum sem áhugi fyrir íþróttinni er að aukast heldur um allt landið.“

– Finnst þér eitthvað þurfa að gera til þess að bæta aðstöðu kajakáhugamanna á svæðinu enn meira og auka veg íþróttarinnar?

„Það væri þá helst að styrkja kajakfélögin hér, eins og til dæmis Sæfara, til þess að kaupa nokkra kajaka sem almenningur gæti átt kost á að prófa. Mér finnst mikilvægt að sem flestir fái að reyna sportið og hef fundið fyrir því að áhugi fólks fyrir því er mikill og eykst frá ári til árs við að sjá okkur djöflast á Pollinum alla daga.“

Róið fyrir Látrabjarg

Kajaklífernið einskorðast ekki við tóma æfingaróðra, heldur hefur Sveinbjörn nokkrum sinnum farið í lengri róðra um Vestfirði með þjálfara sínum og öðrum kajakáhugamönnum. Sveinbjörn er til að mynda einn fátta Íslendinga sem hafa bæði róið fyrir Látrabjörg og Hornbjarg á Ströndum, en fyrr í sumar fór hann í vikulanga róðraferð um Strandirnar í hópi með nokkrum reyndum kajakmönnum og konum.

– Við lögðum upp frá Hornvík og rerum þaðan vítt og breitt um Strandirnar og Ísa-


fjarðardjúpið, fengum okkur m.a. kaffi í Vigur og skoðuðum fuglalífið við Látrabjarg, en ferðina enduðum við á Ísafirði. Látrabjarg tókst ég svo á við í ferð í fyrri. Það er hreinasta ævintýri að fara í svona kajakferð og er lífsreynsla sem ég mæli með að sem flestir reyni einu sinni á ævinni. Vegir liggja til allra átta á spegilsléttu hafinu, útsýnið verður hvergi betra og maður sér landið frá allt öðru sjónarhorni en ef maður væri staddur í bíl eða fótgangandi.“

Pollurinn kallar

„Það er ákveðin breidd í kajakróðri sem maður finnur hvergi annars staðar. Annars vegar er fátt jafn spennandi og að þeysast um öldurnar á góðum hraða í brotsjó og roki eða sviga um íshröngl á pollinum á köldum vetrardegi. Að róa beint inn í fjögurra metra

hátt brot og vona það besta, enda síðan í lausu lofti og skella á haffletinum eftir gott flug. Þá fer hjartað á fullt og adrenalínið gerir mann stjarfan af spennu og gleði. Hins vegar eru það rólegu stundirnar sem maður upplifir. Eldrautt sólarlag yfir spegilsléttum haffleti og að vera einn á báti með eigin hugsunum, en góðir vinir ávallt skammt undan. Þetta allt gerir kajakíþróttina jafn heillandi og hún er í mínum augum og veldur því að mér finnst að allir ættu að reyna þetta.

Fólk hefur kannski á orði við mig að ég eyði miklum tíma í æfingar og þess háttar, en það er ekki af neinni skyldurækni. Ég hef einfaldlega gaman af þessu og líður sjaldan betur en með ár í hönd og saltbragð í munni. Annars væri ég varla að þessu,“ segir Sveinbjörn og kveður, enda klukkan að nálgast fimm og Pollurinn farinn að kalla.



Sveinbjörn Hrafn kveikir í bálkesti á ferð sinni um Hornstrandir.

Stóraukin umfjöllun um Vestfirði í frönskum blöðum og tímaritum

Flugleiðir, Vesturferðir og ferðapjónar á Vestfjörðum hafa í tvö sumur staðið fyrir kynnisferðum franska blaðamanna til Vestfjarða, eins og fram hefur komið á bb.is. Sú vinna hefur greinilega skilað sér í aukinni umfjöllun franska blaða og tímarita um Vestfirði sem áhugavert ferðamannasvæði. Mörg þeirra hafa birt fburðarmiklar greinar þess efnis frá því að kynningin hófst, m.a. stórblaðið Le Monde.

Í nýútkomnu hefti franska útivistartímaritsins Grands Reportages er að finna feikilanga umfjöllun um kjálkann. Ljóst er að höfundurinn hefur orðið fyrir miklum hughrifum af heimsókn sinni því ekki sparar hann stóru orðin í lýsingum á náttúrufegurð og fjöl-

breytni svæðisins. Með greininni, sem ber yfirskriftina Des fjords et des hommes (Af fjörðum og fólki), er fjöldi skemmtilegra ljósmynda sem eiga vel við efnistökin.

Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir of snemmt að segja til um það, hvort að aukin umfjöllun franska fjölmiðla um Vestfirði eigi eftir að skila sér í fleiri ferðalögum frá Frakklandi. Hann telur sig þó greina aukinn áhuga þarlandra ferðamanna á svæðinu.

„Við erum farin að heyra það frá ferðapjónustuaðilum á landinu að við þurfum að fara að gefa út kynningar- og upplýsingaefni á frönsku. Það segir manni að fjöldi fyrirspurna um svæðið frá Frökkum hefur aukist“, segir Rúnar



Opna í tímaritinu Grands Reportages.

Óli. Hann býst við því að framhald eigi eftir að verða á heimsóknum franska fjöl-

miðlahópa til Vestfjarða.

„Kynningargildi þessara heimsókna er mikið að mínu

mati og full ástæða til þess að halda þeim áfram um sinn.“



Hin árlega „Hjóna- og parakeppni“ Golfklúbbs Bolungarvíkur fór fram á Syðridalsvelli á laugardag. Keppnisfyrirkomulag var með þeim hætti að dregnir voru saman vanir og óvanir kylfingar sem léku saman 9 holur. Það „par“ sem varð hlutskarpast í mótinu voru þeir Baldur Smári Einarsson og Jón Steinar Guðmundsson en þeir léku holurnar níu á 47 höggum. Í öðru sæti urðu bræðurnir Benedikt og Páll Guðmundssynir á 50 höggum og í þriðja sæti urðu Benedikt Sigurðsson og Þorbjörg Jónína Harðardóttir á 54 höggum. Á myndinni eru verðlaunahafarnir í Hjóna- og parakeppni GBO.

Holt Prestsetrasjóður vill kaupa

Prestsetrasjóður hefur gert kauptilboð í skólahúsið gamla í Holti í Önundarfirði. Tilboðið var lagt fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og hljóðar upp á 2,5 milljónir króna. Í bréfi sem fylgdi kauptilboðinu kom fram að áformað væri að reka í húsinu kirkju- og menningarmiðstöð.

Samhljóða bréf hefur verið sent menntamálaráðuneyti. Bæjarráð er jákvætt fyrir sölu eignarinnar til sjóðsins og fól bæjarskjótra að kanna afstöðu menntamálaráðuneytisins til tilboðsins.

Bolungarvík Smábátasjómenn réru 26 daga í júlí

Alls komu 947 tonn af bolfiski á land í Bolungarvík í nýliðnum mánuði. Aflahæsti línubáturinn var sem fyrr Guðmundur Einarsson en áhöfn hans landaði 56,5 tonnum í júlí. Þá var Bernskan hæst handfærabáta með 28 tonn úr 14 róðrum.

Vel gaf fyrir bolvíska smábátasjómenn sem reru 26 daga af 31 í júlímánuði. Þá komu 14.036 tonn af loðnu á land í Bolungarvík

Vestfirðir Hæstu greiðendur útsvars

Tíu hæstu útsvarsgreiðendur á Vestfjörðum eru þessir samkvæmt álagningu 2002:

Sveinn Rögnvaldsson, Patreksfirði, kr. 3.742.983, Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi, kr. 2.105.773, Þórhallur Arason, Þingeyri, kr. 2.022.727, Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði, kr. 1.882.786, Jón Björgvin G. Jónsson, Patreksfirði, kr. 1.731.026, Ómar Ellertsson, Ísafirði, kr. 1.391.837, Gunnar Albert Arnórsson, Ísafirði, kr. 1.384.867, Leif Halldórsson, Patreksfirði, kr. 1.364.627, Kristján Ingi Sveinsson, Bolungarvík, kr. 1.333.167 og Kristinn R. Hermannsson, Ísafirði, kr. 1.325.446.



Verslunarmanna(ó)helgi

Netspurningin

Nú er verslunarmannahelgi lokið. Hún er mesta ferðahelgi ársins og stundum mætti halda að enginn væri maður með mönnum nema að leggja land undir fót. Fólki sest upp í bílana sína og ekur út um land, nú eða flýgur og siglir til Vestmannaeyja á þjóðhátíð.

Löngu áður en helgin rennur upp fara landsmenn að kvíða því hvernig umferðin muni nú ganga þetta árið eða hversu mörgum verði nauðgað og hve margt fólk verði barsmiðum að bráð. Læknir á bráðamóttöku Landspítalans lýsti því glöggst hve langt villimennska sumra Íslendinga nær þegar kemur að slagsmálum og árásum á aðra. Jón Baldursson yfirlæknir veit sínu viti í þessum efnun. Næg er villimennskan fyrir þótt ekki sé stefnt saman ungmennum sem allir vita að muni leggja fyrir sig drykkjuskap og fíkniefnaneyslu með tilheyrandi afleiðingum.

Svo virðist sem nú hafi tekist venju fremur vel til. Umferðin gekk því miður ekki slysalást fyrir sig. Ungs manns er saknað eftir að bíll sem hann var farþegi í steyptist í Hvítá við Brúarhlöð. Hans var leitað án árangurs alla helgina. Kannski hefur þessi hræðilegi atburður haft áhrif á aðra í umferðinni til góðs. Að minnsta kosti urðu ekki fleiri alvarleg slys. Menn setur hljóða við fréttir af slysum í umferðinni. En skelfingin dugur of skammt. Áður en við vitum af berast fréttir af banaslysum í umferðinni og alvarlegum meiðslum. Allt vegna þess að menn gera umferðina að vígvelli og öðrum vettvangi af tveimur til að fá útrás fyrir ofbeldishvatir sínar. Hinn er skemmtanálífið, sem endar því miður oft með því að

saklausir borgarar tapa jafnvel lífinu, eins nýlegt en hryllilegt dæmi sýnir af ungum Ísfirðingi, sem ekkert hafði sér til saka unnið.

Svo virðist sem öflugt eftirlit lögreglu um allt land hafi nú skilað árangri í umferðinni. Þar er sameiginlegt eftirlit á Vestfjörðum, sem tekið var upp fyrir tilstilli þáverandi lögreglustjóra á Ísafirði 1994, glöggst dæmi um að með því að stilla saman kraftana og leggja mikið undir næst árangur. Hrósa verður lögreglunni á Hólmavík fyrir að hafa nú tekið upp kröftugt eftirlit með umferð á Steingrímsfjarðar- og Holtavörðuhéiðum. Vel á annað hundruð öikumenn voru staðnir að hraðakstri sem er eitt hættulegasta athæfið í umferðinni og minnir helst á ofbeldi þeirra sem virða náunga síns einskis og berja viðkomandi án tilefnis. Á sama tíma hefur lögreglustjórinn í Bolungarvík gerst baráttumaður fyrir auknum hraða á vegum um Óshlíð og Eyrarhlíð er kostað hafa nokkur mannslíf, auk slysa þar sem hurð skall nærri hælum með afleiðingum fyrir lífstíð.

Slæmar eru fréttirnar um hörðu fíkniefnin sem gerð hafa verið upptæk á útihátíðum um liðna helgi. Furðulegra er að hleypa ósjálfráða börnum innan 18 ára aldurs einum á slíkar samkomur. Íslendingar verða að taka sig á og sýna að ætlunin sé að standa við 18 ára sjálfræðisaldurinn. Hækka verður bílprófsaldurinn í 18 ár. Annars er ekki mark að lögum um sjálfræði. Næsta ár verður að fylgja því strangt að enginn undir þeim aldri sé að þvælast á útisamkomum án fylgdar foreldra.

Stakkur skrifar

Spurt var:

Telur þú rétt að einkavæða rekstur sjúkrahúsa?

Alls svöruðu 316.
Já sögðu 47 eða 14,87%
Nei sögðu 269 eða 85,13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sjóskiði dregin af bíl í Holtsfjöru

Þrjú ungar Ísafirðingar gerðu sér það að leik í síðustu viku að draga sjóskiði með bíl í fjör- unni við Holt í Önund- arfirði. Þeir Þorsteinn Másson, Hákon Blönd- al og Albert Skarp- hédinsson skiptust á að standa á skiðunum meðfram fagurri Holtsfjörinni en tveimur dögum fyrr

hafði annar hópur undir forustu Þorsteins gert það sama í sandfjöru í Bolungarvík. Þá olli grútarblandinn sjór við annan enda fjörunnar nokkrum vandræðum og varð Holt þess vegna fyrir valinu þegar leik- urinn var endurtekinn. Ekki er vitað til þess að sjóskiði hafi áður verið dregin af bíl á Íslandi.



Hafmeyjan, sigurvekið í ár.

Sandkastalakeppnin á Holtsfjöru

Hátt í 300 manns mættu til leiks í ár

Hátt í 300 manns lögðu leið sína á Sandkastalakeppnina í Önundarfirði á laugardag en hún hefur verið haldin árlega á sendinni Holtsfjörinni í áratug. Sigurvekið í keppninni var myndarleg hafmeyja með þarablöðkur fyrir hár og steina fyrir augu og fóru höfundar hennar heim klyfaðir verð- launum frá Bóklöðunni og Sparisjóði Vestfirðinga. Einn aðstandenda mótsins, Guð- mundur Björgvinsson, sem oft er nefndur sandkastala- kóngur, segir ómögulegt að segja til um hver hafmeyjar- smíðurinn var.

„Við erum alveg hætt að

skrá hver gerir einstök verk, yfirleitt er þetta fjöldi manns sem sameinast við vinnuna og aðalatriðið er að hafa bara gaman af þessu. Fyrst og fremst snýst kastalakeppnin um að fara út að leika sér með börnunum sínum“, segir Guð- mundur.

Dómnefnd í keppninni skipuðu þær Elísabet Gunn- arsdóttir, arkitekt, Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi, og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður Ísafirðinga. Höfðu þær ærinn starfa við að velja sigurvek úr hópi þeirra fimm- tíu listaverka er litu dagsins ljós þennan grúa laugardag.



Peningar eru fólki ávallt hugleiknir, líka við sandkastala- smíðar, eins og þessi hundraðkall ber vitni um.

Laugardaginn 10. ágúst n.k. er íbúum Ísafjarðar og nærsveita boðið frítt í sund í Sundhöll Ísafjarðar milli kl. 10-13.

„Synt í kringum Ísland“

Sundkeppni fyrir almenning á öllum aldri!

Í tengslum við Sumarmót Bylgjunnar standa hvatningarverkefnið Ísland á iði 2002 og Sundsamband Íslands fyrir sundkeppni milli bæjarfélaga í sumar.

Á þeim tíma sem frítt er í sund, synda bæjarbúar eins langt og þeir treysta sér til, hver á sínum hraða. Síðan verður lögð saman heildarvegalengd á hverjum stað og í lok sumars kemur í ljós hvaða bæjarfélag synti lengst miðað við fjölda bæjarbúa.


Þá skýrist einnig hvort sameiginleg vegalengd allra bæjarfélaga nái 5000 km. markinu, sem er lengd strandlengjunnar í kringum Ísland.

Leiðbeinandi verður við sundlaugarbakkann sem fólk gefur sig fram við. Hann verður til leiðsagnar varðandi sundaðferðir og skráir niður hve langt hver og einn syndir.

Nú er tilvalið tækifæri til að gefa sófanum fri, koma í laugina og taka þátt í skemmtilegri keppni við aðra landsmenn.

Viðurkenningarskjal fyrir alla sem taka þátt

Ísland á iði 2002




Hreyfa sig!



2002

AFMÁLISVERKEFNI ÍSÍ





Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Þórður Júlíusson.

Vestfirðir

Þórður Júlíusson greiðir hæstan eignaskatt

Þórður Júlíusson á Ísafirði greiðir langhæstan eignarskatt og sérstakan eignarskatt einstaklinga á Vestfjörðum samkvæmt álagningu 2002 eða liðlega 2,6 milljónir króna. Næst á eftir koma Sigurbjörg Halldórsdóttir og Friðgeir Höskuldsson á Drangnesi með kr. 689 þúsund hvort.

Í fjórða sæti er Kristjana Ólafsdóttir á Ísafirði með kr. 621 þúsund en síðan koma Sigríður Brynjólfssdóttir og Ásgeir Guðbjartsson á Ísafirði með kr. 615 þúsund krónur hvort. Hansína Einarsdóttir á Ísafirði skal greiða kr. 525 þúsund, Jón Gunnar Stefánsson á Patreksfirði er næstur með kr. 439 þúsund, en síðan koma Ingibjörg Kristjánsdóttir og Hinrik Kristjáns-son á Flateyri með kr. 403 þúsund hvort.

Vestfirðir

1% atvinnuleysi í júlí

Í byrjun þessa mánaðar voru 46 atvinnulausir skráðir á Vestfjörðum utan Reykhólahrepps, 18 karlmenn og 28 konur. Um ör-litla aukningu er að ræða frá meðalátvinnuleysi í júní og mældist það nú 1% en var 0,9% í síðasta mánuði.

Að sögn starfsmanns hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða má ekki búast við mikilli hreyfingu á mannaf-la á þessum árstíma. Ekki er von á mikilli breytingu fyrr en seinna í ágúst þegar nemendur fara af vinnu-markaði.

Fyrrum framkvæmdastjóri fiskvinnslufyrirtækja „Rauða hersins“

Fékk skilorðsbundinn dóm en var sýknaður að hluta

Ketill Helgason, fyrrum framkvæmdastjóri vestfirsku fiskvinnslufyrirtækjanna Rauðsída ehf. og Bolfisks ehf. og fleiri tengdra fyrirtækja („Rauða hersins“) var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru fyrir brot gegn tollalögum. Bótakröfu flutningafyrirtækis á hendur honum var vísað frá dómi vegna vanreifar.

Ketill var ákærður og sakfelldur fyrir að hafa í mars 1999 fengið framkvæmdastjóra Flutningamiðlunarinnar Jóna hf. til að afhenda sér um 6,5 milljónir króna sem fyrir-

framgreiðslu fyrir 15 tonn af þorskhnökku, sem hann lofaði að Rauðsída hf. myndi afhenda skömmu síðar, án þess að nokkrar efinder yrðu á því loforði.

Einnig var hann ákærður fyrir að hafa í fjögur skipti á tímabilinu frá því í nóvember 1998 fram í ágúst 1999 sem framkvæmdastjóri Rauðsída ehf. og framkvæmdastjóri Bolfisks ehf. flutt inn á ólöglegan hátt frosið sjávarfang, samtals liðlega eitt tonn af ýsu og liðlega eitt þúsund tonn af þorski, sem fjarlægð var úr frystigeyslum og tekið ótollafgreitt til vinnslu í fiskverkunum Rauðsída ehf. og Bolfisks ehf. án heimildar toll-

yfirvalda. Dómurinn sýknaði Ketil af þeim atriðum ákærunnar, það eð ekki yrði á því byggt að honum hafi átt að vera það ljóst að honum væri óheimilt að afhenda sjálfum sér fiskinn til vinnslu úr eigin geyslum, þótt tollmeðferð hans væri ekki lokið.

Í málinu lá fyrir bótakrafa Jóna-Transport hf. um að ákærða yrði gert að greiða fyrirtækinu kr 6.496.722 auk þóknunar lögmanns og dráttarvaxta. Var þar greint að það félag hafi yfirtekið öll réttindi og skyldur Jóna hf., en ekki tilgreint með hvaða hætti það hafi gerst og hvenær, og ekki kennitala og heimili hins nýja félags. Ákærði krafðist frávis-

unar bótakröfunnar við munnlegan málflutning, með skírskotun til þess að yfirlýsing um aðilaskipti að kröfunni væri engum gögnum studd. Á þetta féllst dómurinn og vísaði bótakröfunni frá.

Í dómsorði segir að ákærði skuli sæta sex mánaða fangelsi, en fresta skuli fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð. Vísað var frá dómi bótakröfu Jóna-Transport hf. Ákærði greiði helming sakarkostnaðar, þar með talinn helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Gamall kunningi lögreglunnar að störfum á Ísafirði

Braust inn hjá Orkubúinu strax eftir annað innbrot

Brotist var inn í höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði aðfaranótt fimmtudagsins í síðustu viku. Innbrotsþjófurinn braut opnanlegan glugga við bakinnangang hússins og fór þar inn. Við þetta fór þjófavarnakerfi í gang og hringdi bjalla á öðrum stað í húsinu. Einnig gerði stjórnstöð Securitas lögreglu og nokkrum starfsmönnum viðvart. Þjófurinn fór að hringjandi bjöllunni og lamdi hana sundur. Þá reif hann niður stjórnstöð fyrir þjófavarna- og brunavarnakerfi.

Að því loknu fór hann að læstum og rammgerðum skjalaskáp í tölvuherbergi. Innbrotsþjófnun tókst að opna skápinn sem innihélt þó ekkert fé, heldur einungis tölvugögn. Um svipað leyti kom lögregla á staðinn og kom hún að innbrotsþjófnun á efri hæð hússins. Hélt hann þá á tveimur töskum og sínum innbrotstólum. Tjónið sem hann olli í þessu innbroti mun nema milljónum króna. Þjófurinn gamall kunningi lögreglunnar og sá sami og braust tvívegis inn í Vestrahúsið á Ísafirði en fyrr í síðustu viku upplýsti lögreglan á Ísafirði

þau mál.

Þau innbrot voru framin með um hálfis árs millibili, það fyrra í febrúar en það síðara aðfaranótt mánudagsins í síðustu viku. Í báðum innbrotunum var fjármunum stolið sem og ýmiskonar varningi sem í húsinu var geymdur. Í kjölfar síðara innbrotsins handtók lögreglan á Ísafirði mann á fertugsaldri sem grun- aður var um að hafa framið innbrotin. Maðurinn sem hefur alloft komið við sögu lögreglunnar vegna auðgunar- og fíkniefnabrota viðurkenndi að hafa framið bæði innbrotin og vísaði auk þess lögreglu á þýfið.


Fyrra innbrotið var framið þann 22. febrúar sl. þegar brotist var inn í fimm fyrirtæki og stofnanir í Vestrahúsinu. Af verksummerkjum mátti sjá að innbrotsþjófurinn fór þá inn hjá fyrirtækinu Vír og þaðan inn í fyrirtækin Ellingsen-Sandfell og Ísfang.

Sömuleiðis var brotist inn hjá Rauða krossinum og inn á skrifstofu útgerðarfélagins Ísfirðings. Þá var reynt að brjótast inn í umboð Vífilfells en viðkomandi varð frá að hverfa.



Þannig var umhorfs á vettvangi í Orkubúinu Vestfjarða.

Ný sending af
VILLA
COLLECTION
gjafavörum
frá Danmörku



Verið velkomin

EPVNAUÐGIN
ALBERT
Póllgötu 4 - Sími 456 4670

WM
straumur

RAFTÆKI
LJÓŠ
GJAFAVARA

Sillurgötu 5
Sími 456 3321

H-PRENT
PAPPÍR

A-4
LJÓŠRITUNAR-
PAPPÍR
Í ÖLLUM
LITUM!

80 gr.
120 gr.
160 gr.

H-PRENT
sími 456 4560

bb.is

– öflugur frétt- og
upplýsingamiðill!